voru ekki með, þeir g á t u e k k i annað en haft á oss óbeit og hatur. Þeir voru jafnvel hræddir við oss. Þetta mál vort stóð svo langt fyrir ofan allan skilning þeirra, og þeir héldu, að þetta væri allt saman vélabrögð djöfulsins til að freista þeirra, svo að þeir skyldu glata sálum sínum, blessuðum sálunum, sem þeim var svo annt um, blessuðum sálunum, sem prestar þeirra áttu að ábyrgjast fyrir dómstóli hins hæsta. Hjá þessum mönnum, konum sem körlum, var lesturinn lítill, þekkingin því minni, og skilningurinn enginn. Það var eins og menn töluðu við þá á útlendu máli, sem þeir ekki skildu, og svo þegar viljinn var enginn að fræðast, þá geta menn fljótt séð, að það var ekki til nokkurs hlutar að reyna að eiga við þá, reyna að sýna þeim, að til væri fegurri og betri hugmyndir, en þeir höfðu; það hefði verið sama og að berja höfðinu við steininn. Eg er ekki að segja, að þetta hafi verið vondir menn og konur, langt frá, en þeir *skildu ekki.* Þessa menn má telja í hundraða og þúsunda tali, og eg skal gjarnan gefa það eftir, að þeir standi á því stigi, hvað snertir andlegan og siðferðislegan þroska, að þeim sé hentari trúin á eilíft helvíti en trúin á eilíft réttlæti og kærleika.— Mér kemur nú til hugar samtal, sem eg átti einu sinni við síra Hafstein út af ræðuefni nokkru. Eg var eitthvað að spyrja hann hversvegna hann flytti ekki ræður þess efnis á stólnum. En síra Hafsteinn hristi höfuðið, varpaði mæðulega öndinni og sagði, að það væri ekki til neins, það væri fyrir ofan fólkið, það skildi það ekki. Og mig minnir það væri Kristur, sem sagði að ekki skyldi kasta perlunum fyrir svínin. Eða eitthvað því líkt var það, sem þá kom í huga mér.

Þessir menn geta verið og eru oft dagfarsgóðir menn, þeir hugsa um það, að spilla ekki fyrir sálum sínum, þeir elska ósköp mikið kyrkjuna sína og blessaðan prestinn, sálusorgarann sinn, þeim finnst vanalega svo mikið til um það, hvað honum segist vel í stólnum, blessuðum. En eiginlegar siðferðishugmyndir hafa þeir ekki til, nema þær, sem kyrkjan og mannlífið ber og lemur inn í þá.

En nú eru hinir, hinn flokkurinn manna, sem les og skilur og hugsar og ályktar. Hversvegna eru þeir ekki með? Eg á